

vinnuna, hvort heldur á landi eða í skipi. Í reglugerðinni má setja nán- **102**
ari fyrirmæli um starfsháttu, tilhögun við vinnuna og aðbúnað verka- 3. maí
fólks á staðnum.

2. Gerð og frágang verkpalla við hverskonar vinnu og um eftirlit með þeim.
Áður en reglugerð er sett skal leitað álits Alþýðusambands Íslands og
Vinnuveitendafélags Íslands.

2. gr.

Um eftirlit samkvæmt 1. gr. fer eftir ákvæðum laga nr. 24 frá 1928, þar
á meðal um gjöld fyrir eftirlitið, sem greiðist af eigendum skoðunarskyldra
tækja og vinnustaða, sem eftirlit er framkvæmt með, samkvæmt gjaldskrá,
sem sett verður, svo og um refsingu fyrir brot á þessum lögum og reglugerð-
um, sem settar verða í samræmi við þau. Þar, sem hentugt þykir, getur ráð-
herra falið lögreglustjóra að sjá um eftirlit samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Ákvæði þessara laga og eftirlit samkvæmt þeim rýrir ekki á neinn hátt
ábyrgð, sem eigendur skoðunarskyldra tækja og vinnustaða eða aðrir bera á
þeim slysum, sem fyrir kunna að koma.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 3. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar.

103

3. maí

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist:

Árin 1935 til 1937 er þó sérleyfishafa heimilt að nota 3 erlend skip til veið-
anna, enda séu á þeim skipum eingöngu íslenzkir sjómenn, nema leyfi atvinnu-
málaráðherra komi til.

103

3. maí

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist: Þó er atvinnumálaráðherra heimilt að veita sérleyfishafa undanþágu, til ársloka 1936, frá þeim ákvæðum þessarar greinar, er lúta að hagnýtingu beina, kjöts og innyfla, enda getur ráðherra þá sett sérleyfishafa frekari skilyrði en greinir í lögum nr. 6 1896, til tryggingar gegn tjóni, er leiða kynni af undanþágu frá hagnýtingu hvalleifanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 3. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

104

3. maí

L Ö G

um framlenging á gildi laga nr. 90 10. júní 1933, um útflutning á kjöti.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, framlengist til 1. júlí 1936.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 3. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.